

## Abstract

In recent times, over a short period, Icelandic society has gone through big changes, from being mainly farming and fishing society, to modern society. These changes through the years have increased the possibility of work opportunities and the range of employment has also increased. Because of increased opportunities for work there is more mobility amongst the workers and the numbers of years they work for companies has also decreased. As a company wants to have as low staff turnover as possible, they look for all opportunities to do so. In a quotation from a book it says: “ In the beginning we look towards the end”, which is a good idea when you are recruiting new people. It is necessary to be pleasant to the new staff, so that from the first day they feel welcome to the company. The training of new staff is also important, so that the newly hired staff member knows what is expected from him, and the danger of mistake is minimised.

This project has been done in conjunction with Þórsberg ehf., Tálknafirði. Its main objective is to see what the foreign staff member in the company thought about the introduction and how effective the training was. Also so that the company could find out, if those objectives were achieved.

Key words:

Hiring - recruitment – introduction – training.

## Útdráttur

Á tiltölulega stuttum tíma hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum breytingum. Frá því að vera tiltölulega einhæft bændasamfélag og fiskveiðiþjóð, yfir í nútímalegt samfélag. Þessar breytingar í gegnum árin hafa haft það í för með sér, að atvinnutækifæri landsmanna hafa aukist og orðið fjölbreyttari. Í kjölfar þess að atvinnutækifærunum hefur fjölgað, hefur myndast meiri hreyfanleiki á starfsfólki, og þar með hefur starfsaldur fólks innan fyrirtækja lækkað. Þar sem fyrirtæki vilja hafa sem minnsta starfsmannaveltu, leita þau allra leiða til svo verði. Á góðum stað stendur “í upphafi skyldi endinn skoða”. Það er góð ábending þegar verið er að ráða nýtt starfsfólk. Nauðsynlegt er að taka vel á móti nýju starfsfólki, til að því finnist það, frá fyrsta degi, vera velkomið til fyrirtækisins. Einnig þarf nýliðaþjálfunin að vera sterk, þannig að hinn nýráðni starfsmaður fái sem fyrst innsýn í störf sín og hætta á mistökum verði minni en annars.

Verkefni þetta sem unnið var í samvinnu við Þórsberg ehf. á Tálknafirði miðaði að því að athuga hvort erlendum starfsmönnum fyrirtækisins fyndist að vel hefði verið tekið á móti þeim, og hvernig nýliðaþjálfunin hefði tekist til. Að fyrirtækið geti þannig fundið út, hvort þessi tvö atriði væru að skila sér rétt til nýrra erlendra starfsmanna.

Lykilorð:

Starfsmannaráðningar – móttaka – þjálfun.